

Minnisblað vegna tómstundaheimilis Álftanesskóla

Lengi hefur staðið til að að flytja tómstundastarf yngstu barna í Álftanesskóla úr vallahúsnæði nær húsnæði skólans. Á sama tíma hefur þrýstingur íþróttafélagsins um afnot af vallahúsi aukist og talin rík þörf á slíkri aðstöðu á þessu svæði ekki síst með tilkomu nýs gervisgrasvallar.

Það er fyrirséð að næstu skólaár verða miklar framkvæmdir við Álftanesskóla og í hjarta skólalóðarinnar þar sem unnið verður að viðbyggingu við skólann sem er jafnframt tengibygging skólans við íþróttahús, félagsmiðstöð og matsal skólans. Fyrirhugað er að vinnubúðir verktaka séu við enda skólalóðar, því þarf að girða svæðið af og staðsetning frístundastarfs í vallahúsi því afar óhentug og talin geta skapað hættu.

Í samráði við skólayfirvöld Álftanesskóla er lagt til að á byggingartíma verði stærðfræðistofa og önnur rými skólans sem ekki hafa verið nýtt í umsjónarkennslu nýtt sem slík þannig að hægt sé að losa um rými fyrir frístundastarf. Heppilegast þykir að tengja saman fjórar lausar kennslustofur á lóðinni með það fyrir augum að þar rúmist allt tómstundastarf allra yngstu barnanna. Tengibyggingin verður um 70 fermetrar að stærð – sjá meðfylgjandi yfirlitsmynd. Það er afar mikilvægt á framkvæmdatímum eins og nú fara í hönd við Álftanesskóla að frístundastarfinu sé tryggt húsnæði þar sem er yfirsýn yfir alla starfsemina og mögulegt að hafa eftirlit með ferðum nemenda.

Fjárfestingin sem felst í þessu mun nýtast til framtíðar þar sem áframhaldandi þörf er fyrir lausu kennslustofunum við skólann. Sambyggð kennslurými sem þessi eru einnig betur til þess fallinn að ýta undir teymiskennslu og nútímakennsluhætti sem fela í sér aukna samvinnu og sveigjanleika bæði hvað varðar rými og starfsmannahald.

Áætlaður kostnaður við framkvæmdina u.þ.b. 25.000.000.- og mikilvægt að hægt sé að hefjast handa sem allra fyrst svo tryggja megi öryggi og farsæld barna á framkvæmdatíma.

Katrín Friðriksdóttir

Forstöðumaður fræðslu og menningarsviðs